

# Skýrsla stjórnar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2014-2015

(Flutt á klúbbfundi 25. Júní 2015)

Ágætu félagar, (umdæmisstjóri og gestir) !

Nú er 69 starfsár klúbbsins senn á enda.

Í skýrslu stjórnar er litið yfir farinn veg og rifjað upp það helsta sem drifið hefur á daga okkar í klúbbnum á því starfsári sem nú er að ljúka.

Þegar ég hafði tekið við keðjunni fyrir tæpu ári síðan og flutt stefnuræðuna kom Almar til mín, óskaði mér velfarnaðar í starfi og sagði að árið yrði fljótt að líða. Það voru orð að sönnu. Þetta ár sem ég hef verið forseti klúbbsins hefur verið fljótt að líða og einstaklega ánægjulegt. Mér er nú efst í huga þakklæti til allra félaga og sérstaklega samstarfsmanna í stjórn fyrir gott samstarf á árinu. Það gerði mér líka auðveldar að takast á við starf forseta eftir að hafa setið í stjórn með fyrrum forsetum þeim Steingrími Guðjónssyni og Jóni Auðunni Jónssyni og fengið góða þjálfun.

Alþjóðaforseti Rotary International þetta starfsár var Gary C.K. Huang frá Taiwan. Hann kaus að hafa einkunnarorð Rotary fyrir starfsárið „Vörpum ljósi á Rotarý“. Hann hvatti alla Rótarýklúbba til að halda Rótarýdag til að varpa ljósi á Rotarý, upplýsa hvað Rótarýhreyfingin er að gera og ekki síður til að vekja áhuga fólks á að taka þátt í starfi Rotarý. Guðbjörg Alfreðsdóttir umdæmisstjóri lagði til að sérstakur Rótarýdagur yrði haldinn í öllum klúbbum á landinu laugardaginn 28. febrúar og hvatti alla klúbba til að standa fyrir einhverri áberandi uppákomu í sínu byggðalagi þennan dag.

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar og Rótarýklubburinn Straumur tóku höndum saman við undirbúning Rótarýdagsins í Hafnarfirði. Stjórnir beggja klúbba ásamt samfélagsnefndum áttu marga fundi við undirbúning dagsins og varð afraksturinn afar metnaðarfull dagskrá. Í húsi Bjarna Sívertsen var boðið upp á fyrirlestur um endurbyggingu hússins og þátttöku Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar í því, fyrirlestur Eyjólf Sæmundssonar um Örn Arnarson skáld og tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum. Í Bæjarbíó var boðið upp á tónlistarveislu fyrir unglinga þar sem nokkrar hljómsveitir stigu á stökk og í anddyri var kynning á ungmennabjónustu Rotarý. Í Firði upplýstu Rótarýfélagar bæjarbúa um hvað Rotarý stendur fyrir og dreifðu kynningarbæklingum. Útbúnar voru húfur sem Rótarýfélagar báru þennan dag og voru þeir vel sýnilegir í bæjarfélaginu. Það var afar ánægjulegt að vinna að undirbúningi Rótarýdagsins með félögum í Rótarýklúbbnum Straumi. Það má örugglega gera meira af því að þessir tveir klúbbar í Hafnarfirði taki höndum saman um hin ýmsu málefni.

Guðni Gíslason átti sæti í undirbúningsnefnd umdæmisins fyrir Rótarýdaginn og aðstoðaði við skipulagningu dagsins í Hafnarfirði ásamt því að auglýsa daginn á samfélags- og fjölmiðlum.

Auk þess hefur Guðni viðhaldið heimasíðu klúbbsins af miklum myndarskap eins og mörg undanfarin ár.

Vegna Rótarýdagsins fékkst gott framlag frá Framkvæmdasjóði og skipti sköpum svo hægt væri að standa svo myndarlega að þeim menningarviðburðum sem áður var getið. Rótarýdagurinn var stærsta samfélagsverkefni Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar á árinu. En auk þess var veitt framlag til Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar eins og mörg undanfarin ár.

Haldnir voru 10 formlegir stjórnarfundir á árinu. Þar af voru sex stjórnarfundir haldnir á heimili forseta. Auk formlegra funda var tölvupóstur notaður óspart til að koma upplýsingum á framfæri og til að taka afstöðu til málefna sem þannig mátti afgreiða. Því til viðbótar voru mörg símtöl til skrafs og ráðagerðar.

Haldnir voru nokkrir stjórnarfundir til að undirbúa starfsárið. Eitt af megin verkefnum við þennan undirbúning fólst í stefnumótun og gerð starfsáætlunar til fimm ára. Umdæmisstjóri framfylgdi stefnu Rotary International þess efnis að allir Rotary klúbbar geri stefnumótun til næstu þriggja til fimm ára. Tilgangur stefnumótunar er að skapa framtíðarsýn sem byggir á markmiðum sem hægt er að mæla reglulega og aðlaga. Auk þess er stefnumótun til fimm ára gerð til að auka samfellu og upplýsingaflæði milli stjórna klúbbanna, en það hefur oft reynst erfitt þar sem starfsár hvernar stjórnar takmarkast við eitt ár. Þessi nýjung er því skref fram á við og jákvætt fyrir þessa stjórn og stjórnir næstu ára.

Stefna til fimm ára fyrir Rótarýklúbb Hafnarfjarðar var fullmótuð af stjórninni og var tekin til umræðu á klúbbþingi í september mánuði. Á klúbbþinginu fór fram góð umræða um stefnu klúbbsins og innra starf. Þar komu fram ýmsar ábendingar um hluti sem betur máttu fara.

Á starfsárinu voru haldnir 43 klúbbfundir. Þar af voru 5 fundir á vegum stjórnar og varða innri mál eins og klúbbþing, heimsókn umdæmisstjóra, stjórnarkjör og stjórnarskipti.

Umdæmisstjóri, Guðbjörg Alfreðsdóttir og eiginmaður hennar komu í heimsókn á afmælisdegi klúbbsins þann 9. október. Guðbjörg flutti okkur á fundinum áherslur umdæmisstjóra og forseta Rotary International.

Mætingar á klúbbfundi voru að meðaltali um 65 %. Tæpur helmingur félaga eru með mætingar yfir 75% en 8 félagar eru með mætingu undir 25% og draga niður heildar mætingarhlutfallið í klúbbnum. Mætingar á fundi hafa heldur lagast síðan teknar voru upp fastar mánaðargreiðslur fyrir um tveimur árum. Þess má líka geta að eftirtektarvert er hvað nýir félagar í klúbbnum eru með góða mætingu. Átta félagar eru nú undanþegnir mætingarskyldu og teljast ekki með við útreikning mætingahlutfalls.

Þrjú nýir félagar gengu í klúbbinn á starfsárinu, þeir Kjartan Jónsson, Magnús Ægir Magnússon og Benedikt Gröndal. Fjöldi félaga í lok starfsársins eru alls 72. Þar af er einn heiðursfélagi, Níels Árnason.

Tveir félagar okkar létust á árinu. Þá luku ævigöngu sinni góðir liðsmen sem lögðu með starfi sínu svo margt til málefna klúbbsins. Albert Kristinsson lést 28. febrúar og Jón Bergsson lést 25. apríl. Minning um góða rótarýfélaga mun lifa í hjörtum okkar allra. Á forsetatíð minni gefur það mér mest að hafa hrint í framkvæmd hugmynd sem Albert heitinn bar undir mig um að heiðra Jón Bergsson sem heiðursfélaga í klúbbum. Á jólafundi klúbbsins var Jón Bergsson gerður að heiðursfélaga en með því vildum við sýna hve mikils við máttum vináttu hans og störf fyrir klúbbinn. Blessuð sé minning þeirra. Á starfsárinu létust tveir fyrrum rótarýfélagar, Óskar Valdimarsson og Steinar Steinsson, og var þeirra minnst á fundi. Og í apríl mánuði lést Nanna Sigríður Ottósdóttir, eiginkona félaga okkar Bjarnars Ingimarssonar. Blessuð sé minning þeirra.

Á starfsárinu fengum við fjögur starfsgreinaerindi. Erlendur Geir, Gerður Guðjónsdóttir og Jóhann Lúðvík héldu starfsgreinaerindi sín. Og Guðmundur Rúnar endurtók sitt starfsgreinaerindi. Það er ávallt fróðlegt og skemmtilegt þegar við fáum að skyggjast betur inn í það sem okkar félagar eru að sýsla. Það var svo sannarlega raunin með þessum starfsgreinaerindum.

Auk þessa voru um 32 fyrirlestrar af mörgum toga. Við fengum í heimsókn til okkar fólk frá ýmsum stöðum í stjórnsýslu og fyrirtækjarekstri. Á fund kom m.a. alþingismaður, sendiherra, fyrrum ráðherra, formaður bæjarráðs, bæjarstjóri og eigendur og yfirstjórnendur hjá mörgum spennandi fyrirtækjum.

Af alþjóðamálum fengum við fyrirlestur um nýjan fríverslunarsamning Íslands og Kína, þróunarsamvinnu í Afríku, UN Women og neyðaraðstoð á vegum NetHope. Af landsmálum fengum við fyrirlestra um atvinnumál, skattamál íslenskrar ferðaþjónustu, áliðnaðinn á Íslandi og byggingu Landspítalans. Frá okkar nærsamfélagi fengum við fyrirlestur um perlur Hafnarfjarðar, rekstur Bæjarbíós, rekstur Hafnarinnar og bæjarmálin. Við fengum fræðslu um áhugaverð fyrirtæki, s.s. Alvogen, Eimskip, Icelandair og VHE. Við fengum einnig fræðslu um mikilvægar stofnanir í stjórnsýslunni, þ.e. Landhelgisgæsluna og Strætó. Og í æskulýðsmálum fengum við kynningu á ÍBH, Hvaleyarskóla, smáþjóðaleikunum og Skrifstofu Evrópu Ungu fólksins. Í öldrunarmálum fengum við kynningu á starfsemi Eldri borgara í Hafnarfirði og hugmyndafræði Ísafoldar hjúkunarheimilis. Auk þessa fengum við að skyggjast inn í heim leðurblaka, hugleiðslu, forvarnir gegn slysum á börnum, íslenska náttúru, LEAN Management, ferð á Íslendingaslóðir í vesturheimi og kvikmyndina Hrútar. Þegar ég hafði tekið saman þetta yfirlit gat ég ekki hugsað mér annað en að deila þessu með ykkur. Það hefur oft verið sagt að fyrirlestrar á rótarýfundum og sú endurmenntun sem þar er fengin sé eitt það verðmætasta í starfi Rótarý. Þessi upptalning ber glöggvitni um það. Ég vil þakka öllum nefndum fyrir mikinn metnað við að fá til okkar afar áhugaverða fyrirlestra. Aldrei féll niður fyrirlestur. Og þó ég hafði í handraðanum varaplan ef eitthvað kæmi upp á þurfti aldrei að grípa til þess. Öflugt starf nefnda við öflun fyrirlestra er afar verðmætt og einn mikilvægasti þáttur í starfi Rótarý.

Þriggja mínútu erindi eru ómissandi á klúbbfundum. Þar fá félagar tækifæri til að segja frá því sem þeim býr í brjósti. Erindin voru hvert öðru skemmtilegra og í þau fáu skipti sem fyrirlesari forfallaðist var því bjargað með því að annar félagi hljóp í skarðið.

Klúbbnum barst bréf frá umdæmisskrifstofunni í október þar sem farið var þess á leit við klúbbinn að hann tilnefni umdæmisstjóraefni fyrir starfsárið 2017-2018. Í ljósi þess að langt er um liðið síðan klúbburinn hefur átt umdæmisstjóra var ákveðið af stjórninni að tilnefna umdæmisstjóraefni. Það var síðan niðurstaða stjórnar að sameinast um Almar Grímsson sem umdæmisstjóraefni og var valnefnd umdæmisins tilkynnt um niðurstöðuna. Bréf barst síðan frá umdæmisstjóra um að Almar hafi ekki orðið fyrir valinu. Það var okkur vitaskuld mikil vonbrigði. Við þökkum Almari fyrir að gefa kost á sér, en það hefði verið klúbbnum til mikils heiðurs og vegsauka að hafa hann sem umdæmistjóra.

Á árinu starfaði öflug skemmtinefnd sem sá um skipulagningu árshátíðar, jólafundar og þorrablóts. Allir þessir viðburðir heppnuðust einstaklega vel og færi ég skemmtinefnd bestu þakkir fyrir frábært starf. Árshátíðin var haldin í golfskála Keilis og var frábær skemmtun. Þátttaka var góð og salurinn af passlegri stærð til að mynda góða stemningu. Minnstætt er litla happdrætti Hermanns og skemmtilegar sögur frá Erlendi Geir en þeir höfðu báðir afar góða stjórn á árshátíðinni. Skemmtinefnd undir forystu Sigurjóns Péturssonar stóð vel að skipulagningu jólafundar og þorrablóts. Jólafundur var afar vel sóttur og þurfti að dekka stallaraborðið svo allir kæmust fyrir. Boðið var upp á glæsilegt jólahlaðborð frá Tilverunni. Þorrablótið var haldið seinnipart dags og sýndi sig að var góð tilbreyting. Hornið góða var óspart notað og gátu menn farið saddir og hýrir rakiðis heim að blóti loknu.

Það var kraftur í störfum landgræðslunefndar undir forystu Guðbjarts Einarssonar. Í lok september mætti góður hópur félaga upp í trjálundinn búnir vélsögum, bogsögum og klippum við grisjun og gerð göngustíga. Í lok maí var svo aftur efnt til vinnuferðar í trjálundinn og voru settar niður 700 stafafurur í reitinn fyrir framan trjálundinn. Að lokinni vinnu í báðum ferðum var boðið upp á hressingu í sælureit Jóns Vignis og Dísu upp við Klifsholt. Landgræðslunefnd er þökkud góð skipulagning þessara vinnuferða. Endurnýjaður var samningur við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar þar sem landnemaspildunni er úthlutað Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar til trjáræktar og umhirðu fram til ársins 2030.

Rótarýgolfmótið er fastur liður í starfsemi Rótarý og Guðmundur Friðrik veitti þeirri nefnd forystu. Golfmótið er einmitt í fullum gangi í þessum töluðu orðum og eru nokkrir félagar okkar nú staddir á Akranesi að elta lítinn hvítan bolta. Eitt af fyrstu embættisverkum mínum sem forseti var að taka við sveitarbikarnum sem keppt er um árlega en það voru þeir Gunnar Hjaltalín og Guðmundur Friðrik sem unnu bikarinn fyrir Rótarýklúbb Hafnarfjarðar á rótarýgolfmótinu sem haldið var í lok júní á síðasta ári.

Verðlaunanefnd starfaði undir forystu Reynis Guðnasonar. Nefndin sá til þess að fulltrúar frá klúbbnum voru viðstaddir skólaslit í grunn- og framhaldsskólum bæjarins. Afhent voru bókaverðlaun til þeirra nemenda sem hlotið höfðu hæstu einkunn á burtfaraprófi.

Það var mikill metnaður í störfum ferðanefndar á árinu. Ferðanefndin byrjaði á að efna til skoðanakönnunar til að kanna hug félaga. Lögð var stefnan á tvær ferðir, önnur vestur um haf á Íslendingaslóðir og hin norður í Árneshrepp á Ströndum. Vegna ónógrar þátttöku var ákveðið að fresta ferðinni á slóðir landnema í Vesturheimi. Í ferðina norður á Strandir var góð þátttaka og var farið í ferðina í byrjun júní. Ferðin heppnaðist einstaklega vel. Það var allt sem lagðist á eitt að gera þessa ferð afar ánægjulega. Sérstaklega verður að minnast frábærar farastjórnar Hauks Jóhannessonar jarðfræðings. Hann gaf svo mikið til ferðarinnar með fróðleik sínum og frásagnargleði. Hópurinn varð svo sannarlega margs vísari um þennan hjara veraldar sem hefur svo margt að geyma og hefur varðveist um aldir. Síðast en ekki síst lögðust allir á eitt að skemmta sér og öðrum. Þessi ferð sannar enn og aftur hve svona atburður eykur félagsandann í klúbbnum. Fyrir ferðina var nýbúið að dreifa Rótarý-bolum og Rótarý-húfum sem félagar höfðu pantað sér og setti það góðan svip á hópinn. Allur undirbúningur og skipulagning af hendi ferðanefndar var sérlega vel vönduð. Færi ég ferðanefnd undir forystu Péturs bestu þakkir fyrir störf sín á árinu.

Það hefur ávallt verið metnaður hjá klúbbnum að skila góðum framlögum til Rótarýsjóðsins. Á fundi klúbbsins í nóvember kom Birna Bjarnadóttir formaður Rótarýsjóðsins á Íslandi í heimsókn og veitti klúbbnum viðurkenningu fyrir að vera meðal þeirra klúbba á Íslandi sem veittu mestu framlög til Rótarýsjóðsins. Á þessu starfsári voru framlög til Rótarýsjóðsins 4.100 dollarar í gegnum félagsgjöld. Því til viðbótar runnu 850 dollarar til Rótarýsjóðsins með sparigrísnum. Samtals eru framlög til Rótarýsjóðsins þar með 69 dollarar per félagi.

Ágætu félagar, þetta hefur verið afar annasamt ár en um leið afar ánægjulegt. Það hefur gert starf mitt enn skemmtilegra vegna þess hlýja viðmóts og stuðnings sem ég hef fengið frá félögum. Ég vil þakka formönnum nefnda fyrir einstaklega gott samstarf. Og öllum félögum er þakkað góð þátttaka í klúbbstarfinu. Sérstaklega er mér í huga sá stuðningur sem ég hafði hjá Alberti heitnum en það voru ófá símtölin sem við áttum saman. Og þegar ég gat ekki leitað til hans lengur hef ég leitað góðra ráða hjá Sigurði Hallgrímssyni.

Ég vil að lokum þakka sérstaklega stjórnarmönnum mínum fyrir frábært starf sem þeir hafa lagt af mörkum á þessu stjórnarári sem senn er á enda. Þeirra Bessa Þorsteinssonar ritara, Víði Stefánssonar gjaldkera, Trausta Sveinbjörnssonar stallara, Eyjólf Sæmundssonar verðandi forseta og Jóni Auðunni Jónssyni fráfarandi forseta. Ég hefði ekki getað kosið mér betri stjórn til að vinna með. Allir lögðust á eitt að láta klúbbstarfið ganga vel fyrir sig.

Hafið öll heila þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

25. júní 2015

J. Pálmi Hinriksson,

forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2014 – 2015.